

Reglugerð um vinnustaðanám

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til vinnustaðanáms á framhaldsskólastigi. Hún byggist á almennum ákvæðum aðalnámskrár um nám á vinnustað og Lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Vinnustaðanám: Vinnustaðanám tekur bæði til hugtakanna vinnustaðanám og starfspjálfun samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Iðnmeistarasamningur um vinnustaðanám (iðnmeistaraleið): Iðnmeistarasamningur er námssamningur sem er gerður milli skóla, nemanda og iðnmeistara/fyrirtækis/stofnunar um að veita nemanda tilskilda menntun og starfspjálfun í samræmi við 28. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Skólasamningur um vinnustaðanám (skólaleið): Skólasamningur er námssamningur milli nemanda, skóla og iðnmeistara/fyrirtækis/stofnunar um að veita nemanda tilskilda menntun og starfspjálfun í samræmi við 28. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Rafræn ferilbók: Rafræn skráning náms og námsferils nemanda í skóla og á vinnustað þar sem hæfni nemanda sem er í vinnustaðanámi í tilteknum þáttum er staðfest af umsjónarmönnum skóla auk iðnmeistara, fyrirtækis og stofnana eftir því sem við á. Rafræn ferilbók er í umsjón Menntamálastofnunar.

3. gr.

Vinnuvernd.

Ekki má gera iðnmeistara- eða skólasamning við yngri einstakling en 16 ára. Í starfsgreinum þar sem vinnuhættir, vinnuskilyrði, vinnutími eða önnur atriði gera slíkt nauðsynlegt getur mennta- og menningarmálaráðherra áskilið hærra aldursmark eða ef önnur lög kveða svo á um.

Við gerð samnings við einstakling undir 18 ára skal sérstaklega gæta ákvæða X. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Foreldri eða forráðamaður ólögráða nemanda staðfestir samþykki sitt fyrir iðnmeistara- eða skólasamningi með undirritun sinni á samninginn.

4. gr.

Umsjón með gerð iðnmeistara- og skólasamninga.

Framhaldsskólar hafa umsjón með starfsnámsnemendum í vinnustaðanámi. Þeir annast skráningu yfir fjölda nemenda sem skráðir eru í vinnustaðanám hverju sinni ásamt fjölda þeirra nemenda sem munu líklega uppfylla skilyrði til að hefja vinnustaðanám á næstu 6 mánuðum.

Framhaldsskólar annast umsýslu með gerð og staðfestingu iðnmeistara- eða skólasamninga og hafa eftirlit með þeim. Þeir hafa með höndum ógildingu sömu samninga ef til þess kemur.

Mennta- og menningarmálaráðherra getur falið öðrum skóla en þeim sem starfsnámsnemandi stundar nám í, eða aðila að annast umsýslu með gerð og staðfestingu iðnmeistara- og skólasamninga og hafa eftirlit með þeim. Sömu aðilar hafa þá með höndum ógildingu sömu samninga ef til þess kemur. Þessir aðilar nefnast þá umsýsluaðilar í reglugerð þessari.

Umsýsluaðila er heimilt að fela fleiri en einu fyrirtæki að annast vinnustaðanám nemanda þegar þannig ber við að fyrirtæki hefur ekki nægilega fjölpætt verkefni til að unnt sé að sinna vinnustaðanámi innan eins fyrirtækis.

5. gr.

Iðnmeistarasarðningar.

Iðnmeistarasarðningur, skv. 2. gr. er gerður milli skóla, nemanda, og iðnmeistara/fyrirtækis/stofnunar um vinnustaðanám nemandans sem fer fram á vinnustað. Í iðnmeistarasarðningnum er kveðið á um inntak og fyrirkomulag þess vinnustaðanáms sem skal fara fram. Iðnmeistarasarðningurinn er vistaður í rafrænni ferilbók nemandans. Rafrænar ferilbækur skulu innleiddar í öllum iðngreinum fyrir árslok 2021. Sé ekki búið að innleiða rafræna ferilbók skal iðnmeistara- og skólasamningur gerður í þríriti og heldur hver samningsaðili sínu eintaki. Ef umsýsluaðili er annar en skóli heldur sá fjórða eintakinu. Form iðnmeistarasarðnings er ákveðið af þeim aðila sem hefur með höndum staðfestingu iðnmeistarasarðninga og leggur sami aðili jafnframt til eyðublöð fyrir þá. Skólinn ber ábyrgð á því að fullnægjandi eftirfylgni sé engu að síður með hæfni nemandans þar sem ekki er hægt að notast við rafrænar ferilbækur til að meta hæfni hans.

Iðnmeistarasarðningur kveður á um réttindi og skyldur iðnmeistara, skóla og nemanda, markmið vinnustaðanáms, gæðakröfur, gildistíma, meðferð ágreiningsmála og samningsslit.

Iðnmeistarasarðningur er gerður í samræmi við gildandi kjarasarðning fyrir nemendur í viðkomandi starfsnámi.

Iðnmeistari skipuleggur vinnustaðanám þannig að nemandi geti náð þeirri hæfni sem kveðið er á um í starfalýsingu og hæfnikröfum atvinnulífs fyrir viðkomandi starf og í námsbrautarlýsingu skóla. Vinnustaðanámið tekur til þeirra hæfnipátta sem að mati atvinnulífs og skóla fer betur að kenna á vinnustað eða erfitt er kenna í skóla.

Lengd vinnustaðanáms hjá iðnmeistara ræðst af hæfni nemandans en haldið er utan um hæfnipætti starfsins í rafrænni ferilbók. Vinnustaðanámi telst lokið þegar nemandinn hefur, að mati iðnmeistara og umsjónarmanns skóla, náð öllum hæfnipáttum og þar með þeirri hæfni sem tilskilin er. Vinnustaðanám getur því verið mismunandi langt á milli einstakra nemenda en þó aldrei lengra en skipulagt nám kveður á um.

6. gr.

Skólasamningar.

Skólasamningur, skv. 2. gr. er gerður milli skóla og iðnmeistara/fyrirtækis/stofnunar um vinnustaðanám nemandans sem fer fram á vinnustað. Í skólasamningnum er kveðið á um inntak og fyrirkomulag þess vinnustaðanáms sem skal fara fram. Skólasamningurinn er vistaður í rafrænni ferilbók nemandans. Rafrænar ferilbækur skulu innleiddar í öllum iðngreinum fyrir árslok 2021. Sé ekki búið að innleiða rafræna ferilbók skal iðnmeistara- og skólasamningur gerður í þríriti og heldur hver samningsaðili sínu eintaki. Ef umsýsluaðili er annar en skóli heldur sá fjórða eintakinu. Form skólasamnings er ákveðið af þeim aðila sem hefur með höndum staðfestingu skólasamninga og leggur sami aðili jafnframt til eyðublöð fyrir þá. Skólinn ber ábyrgð á því að fullnægjandi eftirfylgni sé engu að síður með hæfni nemandans þar sem ekki er hægt að notast við rafrænar ferilbækur til að meta hæfni hans.

Skólasamningurinn kveður á um réttindi og skyldur vinnuveitenda, skóla og nemanda, markmið vinnustaðanáms, gæðakröfur, gildistíma, meðferð ágreiningsmála og samningsslit.

Áður en gerður er skólasamningur skal skóli hafa fullreynt að koma nemenda á iðnmeistarasamning og tilkynnt það til meistarafélags viðkomandi iðngreinar. Skóli skipuleggur vinnustaðanám í samstarfi við vinnustaði þannig að nemandi geti náð þeirri hæfni sem kveðið er á um í starfalýsingu og hæfnikröfum atvinnulífs fyrir viðkomandi starf og í námsbrautarlýsingu skóla. Vinnustaðanámið tekur til þeirra hæfnipáttanna sem að mati atvinnulífs og skóla fer betur að kenna á vinnustað eða erfitt er kenna í skóla.

Lengd vinnustaðanáms með skólasamningi ræðst af hæfni nemandans en haldið er utan um hæfnipætti starfsins í rafrænni ferilbók. Vinnustaðanámi telst lokið þegar nemandinn hefur, að mati tilsjónarmanns á vinnustað og umsjónarmanns skóla, náð öllum hæfnipáttum og þar með þeirri hæfni sem tilskilin er. Vinnustaðanám getur því verið mismunandi langt á milli einstakra nemenda en þó aldrei lengra en skipulagt nám kveður á um.

7. gr.

Námstími í starfsþjálfun

Hæfni nemanda ræður tímalengd vinnustaðanáms. Fulltrúar skóla og vinnustaðar meta sameiginlega hæfni nemanda samkvæmt hæfnikröfum starfsins og hæfnipáttum í rafrænni ferilbók. Vinnustaðanám getur þó aldrei orðið lengra en uppgöfin tímamörk í námsbrautalýsingum viðkomandi greinar.

8. gr.

Skyldur iðnmeistara, skóla, fyrirtækis eða stofnunar.

Iðnmeistari, fyrirtæki eða stofnun skuldbindur sig með gerð iðnmeistara- eða skólasamnings til að veita nemanda kennslu í greininni og sjá svo um að hann hafi að námstíma loknum hlotið tilskilda hæfni í helstu verkefnum, verkþáttum og vinnubrögðum samkvæmt starfalýsingu, hæfnikröfum, hæfnipáttum í rafrænni ferilbók og námsbrautalýsingu. Jafnframt að viðkomandi hafi öðlast leikni í meðferð, hirðingu og beitingu þeirra efna, áhalda og tækja sem notuð eru í starfsgreininni. Þá skal þess gætt að nemandi hafi tamið sér virðingu fyrir starfi sínu og faglega sýn á þau viðfangsefni sem starfið tekur til.

9. gr.

Skilyrði.

Til að iðnmeistara, fyrirtækjum eða stofnunum sé heimilt að taka nemendur á iðnmeistara- eða skólasamning skulu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

- Fyrirtæki eða stofnun skal hafa á að skipa hæfum tilsjónarmanni sem býr að góðri færni í mannlegum samskiptum og hefur yfirsýn yfir helstu verkefni viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.
- Iðnmeistari, fyrirtæki eða stofnun skal hafa með höndum næg verkefni á starfssviði sínu til að geta annast fullnægjandi kennslu samkvæmt námskrá starfsgreinarinnar.
- Iðnmeistari, fyrirtæki eða stofnun skal hafa yfir að ráða vinnustað eða verkstæði með fullnægjandi aðstöðu, faglegri þekkingu og námstækifærum, ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem viðkomandi starfsgrein útheimtir.
- Í fyrirtæki í löggilttri iðn, sem rekið er undir forstöðu meistara samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978, skal tilsjónarmaður nemenda ávallt hafa iðnréttindi í þeirri iðngrein sem hann hyggst kenna.

- e. Skilyrði sem sett eru í almennum ákvæðum aðalnámskrár um nám og starfsþjálfun á vinnustað.

10. gr.

Skrár yfir iðnmeistara, fyrirtæki og stofnanir sem bjóða vinnustaðanám.

Menntamálastofnun skal halda skrá yfir iðnmeistara, fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla skilyrði sett samkvæmt reglugerð þessari.

11. gr.

Slit

Samningsslit skulu ávallt gerð í samráði við skóla/umsýsluaðila.

Aðilar iðnmeistara- eða skólasamnings geta slitið honum:

- a. ef nemandi vanrækir nám sitt.
- b. ef nemandi hefur, að áliti læknis, ekki heilsu til að stunda viðkomandi starf.
- c. ef iðnmeistari, fyrirtæki eða stofnun brýtur eða uppfyllir ekki samningsskyldur sínar.
- d. ef iðnmeistari, fyrirtæki eða stofnun verður gjaldþrota eða hættir störfum af öðrum ástæðum.

Ef svo er ástatt sem greinir í stafliðum a og c en iðnmeistari, fyrirtæki, stofnun eða nemandi slíta ekki samningi um vinnustaðanám getur skóli/umsýsluaðili slitið samningi að undangenginni athugun.

Aðilum er heimilt að slíta samningi um vinnustaðanám ef þeir koma sér saman um það. Þegar samningi er slitið skal það jafnan tilkynnt skóla/umsýsluaðila samningsins skriflega.

Verði endurtekin slit á samningi um vinnustaðanám af hálfu iðnmeistara, fyrirtækis eða stofnunar eða viðkomandi verði sannanlega uppvíst að því að vanrækja kennslu missir viðkomandi rétt sinn til þess að annast kennslu nemenda á vinnustað og skal vinnustaðurinn þá tekinn af lista Menntamálastofnunar.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum aðila, en slitið samningi um vinnustaðanám við hann sbr. c.- og d.-lið 1. mgr. skal sú hæfni sem hann hefur öðlast metin áfram að fullu hjá seinni samningsaðila í sömu starfsgrein.

Ef iðnmeistari, fyrirtæki, eða stofnun, uppfyllir ekki eða brýtur samningsskyldur sínar sbr. staflið c, eða verður gjaldþrota eða hættir störfum af öðrum ástæðum sbr. staflið d, skal skóli/umsýsluaðili útvega nemandanum annan námsstað í starfsgreininni.

12. gr.

Málsmeðferð við slit samnings.

Sé iðnmeistara- eða skólasamningi slitið skal skóli/umsýsluaðili skrá ástæðu samningsslitanna. Óski aðili einhliða eftir riftun samnings um vinnustaðanám skal það gert skriflega og mótaðila samnings jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um riftunardeiðina. Uppsagnarfrestur samnings í slíkum tilvikum skal alla jafna vera einn mánuður.

Ágreiningur er kann að rísa vegna samningsslita skal vísað til umsýsluaðila námssamninga, sem leiðbeinir nemanda um mögulega málsmeðferð og leiðir til að ljúka starfsþjálfun hans.

Við slit á samningi um vinnustaðanám skal skóli/umsýsluaðili gæta að því að náð hæfni nemanda sé skráð í rafræna ferilbók hans.

13. gr.

Málskot.

Takist ekki að leysa ágreining um réttindi og skyldur nemanda eftir hefðbundnum leiðum má skjóta honum til mennta- og menningarmálaráðherra, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Einnig verður ágreiningi um rétt fyrirtækis til þess að annast kennslu nemenda skotið til mennta- og menningarmálaráðherra.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæði 28. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 840/2011 um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 1. desember 2020.